

Nd.

36. Frumvarp til laga

[33. mál]

um samræmda vinnslu sjávarafla og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur samkvæmt lögum þessum sett almennar og svæðisbundnar reglur, er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkvæmt sérstökum leyfum ráðuneytisins til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessarra greina fiskiðnaðarins, meðal annars með skiptingu afla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta.

2. gr.

Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkvæmt 1. gr., skal leita leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra sem fyrir eru. Ráðuneytið getur synjað um slík leyfi, ef ekki er fyrirsjáanleg varanleg aflaaukning á viðkomandi svæði né samdráttur í starfsemi annarra vinnslustöðva á svæðinu.

Opinberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um synjun slíkra leyfa.

3. gr.

Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða fyrirmælum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, nema þyngri viðurlögum varði samkvæmt öðrum lögum. Sektir renni í ríkissjóð. Um mál út af brotum á lögum þessum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Veiðar á ýmsum tegundum sjávarafurða eru eins og kunnugt er háðar sérstökum leyfum sjávarútvegsráðuneytisins. Hefur ásókn í slík leyfi, einkum skelfisk- og alveg sérstaklega rækjuveiðileyfi á mörgum veiðisvæðum, verið mun meiri en æskilegt hefur þótt. Hefur ráðuneytið því oft þurft að ákveða reglur til takmörkunar bæði á afla og sókn í þessar veiðar. Skál í því sambandi bent á ýmis skilyrði, sem ráðuneytið hefur sett til þess að menn geti fengið rækju- og skelfiskveiðileyfi á ákveðnum svæðum, svo sem kröfur um að eigendur og skipstjóri báts hafi verið búsettir á viðkomandi svæði í eitt ár, báturinn sé þar skrásettur og jafnvel að báturinn megi ekki vera undir eða yfir ákveðinni stærð. Þá hefur þess oftast verið krafist í leyfisbréfum til rækju- og skelfiskveiða á ákveðnum svæðum, að afli sé unninn í viðurkenndri vinnslustöð á viðkomandi svæði. Loks eru að finna í flestum veiðileyfum ákvæði um einhvers konar aflatakmarkanir til verndunar þeim stofni, er leyfið heimilar veiðar á.

Þrátt fyrir að ráðuneytið hafi bæði fyrr og síðar sett slíkar almennar reglur bæði um veiðarnar sjálfar og um skilyrði til þess, að menn geti yfir höfuð fengið veiðileyfi, þá hefur þó reynst mjög erfitt að halda sókn í þessar veiðar í skefjum. Er hér einkum um að kenna því, að litil sem engin samræming hefur verið á þessum afla- eða sóknartakmörkunum og byggingu vinnslustöðva á viðkomandi sviðum. Ljóst er að of margar eða afkastamiklar vinnslustöðvar eru til þess fallnar að auka ásókn í veiðarnar og það því meir sem samkeppnin um hið takmarkaða hráefni verður meiri. Getur þetta komið illa niður á rækju- og skelfiskstofnunum.

Þá má auðveldlega kippa rekstrargrundvellingum undan atvinnurekstri á ákveðnum svæðum með of mörgum slíkum fyrirtækjum á svæðinu og gæti það haft hinar alvarlegustu afleiðingar. Þegar aflamagn á viðkomandi svæði er nokkuð stöðugt frá ári til árs, virðist óeðlilegt, að nýjum vinnslustöðvum sé komið á fót á svæðinu, ef afkastageta annarra stöðva er næg fyrir, með þeim afleiðingum að dregið er úr starfsemi þeirra. Einnig er óeðlilegt, að settar séu á stofn á skömmum tíma margar stöðvar á svæði með mun meiri vinnslugetu, en þörf er fyrir. Er dæmi þess, að komið hafi verið á fót mörgum rækjuvinnslustöðvum á takmörkuðu svæði með margfaldri vinnslugetu miðað við aflamagn á svæðinu með þeirri afleiðingu, að ekki var grundvöllur fyrir starfsemi þeirra og urðu margir aðilar fyrir miklu tjóni af þeim sökum. Þykir rétt, að reynt verði að sporna við að slíkt endurtaki sig og að sá aðili, sem ákveður aflamagnið á viðkomandi svæði, hafi hönd í bagga með því að afstýra slíkri þróun. Þá liggja og sömu rök til þess, að á þeim sviðum, sem sjávarútvegsráðuneytið getur takmarkað veiðarnar með útgáfu sérstakra leyfa eða synjun á útgáfu þeirra, þá skuli það sama ráðuneyti einnig hafa heimild til takmörkunar á aukningu á afkastagetu vinnslustöðva fyrir sömu afurðir. Eins og áður segir, er mikil þörf á samræmingu veiðiheimilda og vinnslugetu viðkomandi greina þar sem afla- og sóknartakmarkanir hljóta að hafa bein áhrif á eðlilega vinnslugetu í landi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að leita skuli leyfis sjávarútvegsráðuneytisins til þess að koma á fót vinnslustöðvum fyrir rækju og skelfisk. Einnig er gert ráð fyrir sams konar leyfi, ef stækka á þær vinnslustöðvar, sem fyrir eru, enda getu slíkar stækkanir haft sömu áhrif og ef nýjar stöðvar væru reistar. Þrátt fyrir þetta

Þykir nauðsynlegt að veita ráðuneytinu heimild til þess að sporna gegn því, að vinnslustöðvar geti haft of mikil áhrif á sóknina með óhóflegri samkeppni um hráefnið, og þess vegna er tilkomið ákvæði 1. gr. um heimild ráðuneytisins til skiptingar afla milli vinnslustöðva. Þykir eðlilegt að treysta því að ráðuneytið beiti heimild þessari af varfærni þannig, að ekki verði um óeðlilega mismunun að ræða. Sama má segja um skiptingu heildarafla milli þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta, en ráðuneytið hefur nú um nokkurt skeið talið nauðsynlegt að setja ýmsar reglur um ákveðna hámarksveiði einstakra báta, án þess að slíkt hafi sætt andmælum viðkomandi aðila.